

Ed.

667. Nefndarálit

um frv. til laga um lánsfjelög.

Frá öðrum minni hl. landbúnaðarnefndar.

Jeg get ekki fallist á ýmsar þær breytingar, er einn nefndarmanna (Jón J.) vill gera á frv., en vil hinsvegar gera breytingu á því, er ekki náðist samkomulag um í nefndinni. Er það við 13. gr., um að lausafjárveð lánsfjela þurfi eigi að vikja fyrir forgangskröfum í þrotabúi skuldunauts. Tel jeg þetta ákvæði mjög varhugavert, jafnvel ekki sist fyrir lánþega, og vil ekki að það standi í frv.

Geri jeg tillögu um að fella þetta niður. Frekari tillögur mun jeg ef til vill gera fyrir 3. umr. málsins. En að svo stöddu mæli jeg með því, að á frv. verði gerð svofeld

BREYTING:

Við 13. gr. 2. málsgrein skal falla niður.

Alþingi, 16. maí 1929.

Jón Baldvinsson,
fundaskr.